

**Nd.**

**759. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til að kaupa hús.

Flutningsmaður: Hákon J. Kristófersson.

Neðri deild Alþingis ályktar að heimila landsstjórninni að kaupa húsið nr. 6 í Mjóstræti við hæfilegu verði.

**Greinargerð.**

Hús Sturlu Jónssonar hefir nú verið selt eins og kunnugt er. Við það verður bæði landsverslunin og hagstofan húsvilt með sínar skrifstofur. Er mjer ekki kunnugt um, að vól sje á húsnæði fyrir þessar skrifstofur hjer í bænum, en þó fáanlegt kunni að vera, þá verður það tæplega með öðru móti en að fá til þess húsnæði, sem ella mætti hafa fyrir íbúðir; en að landið sjálf gerist keppinautur þeirra mörgu hjer í bæ, sem húsnæðislausir eru, býst jeg við að enginn telji viðeigandi.

Alþingi hefir nú samþ. lög um að setja hjer á stofn hæstarjett við næstu áramót. Húsnæði fyrir hann á landið ekki, svo mjer sje kunnugt, nema ef vera skyldi í fangahúsinu, sem tæplega verður talið sæmilegt húsnæði handa svo veglegri stofnun og »óskabarni þjóðarinnar«, eins og einn þingmaður komst nýlega að orði, enda nóg annað við það húsnæði að gera.

Auk þess, er jeg þegar hefi bent á, hefir landið ekkert varanlegt húsnæði fyrir mælitækja- og vogaráhalda skrifstofur. Ekkert fyrir væntanlega veðurathugunarstöð. Ekkert fyrir vitamálskrifstofur o. fl.

Fleira mætti telja, en þetta er nóg til að minna á það, að landið er í húsnæðishraki og verður að vera keppinautur annara húsvillinga bæjarins, ef það ekki sjálf kaupir eða byggir hús. Auk þess má benda á það, að þess munu fá dæmi, að ekki sje betra að eiga hús en vera leigjandi, ef viðkomandi hefir þörf fyrir húsnæði.

Umrætt hús er nýtt og vandað steinhús, eftir því er kunnugir segja, og mun vera fáanlegt fyrir hæfilegt verð — eða jafnvel lágt verð, eftir því sem hús ganga nú kaupum og sölu hjer í bæ. Sýnist mjer því rjettara, að landið neyti þessa tækifæris og kaupi hús þetta og sjái sjer þar með fyrir góðu húsplássu handa hinum mörgu skrifstofum sínum, er það nú má heita húslaust fyrir, heldur en að vera með þær á hrakningi hingað og þangað, fyrir afarháa leigu, í húsum, sem ella gætu orðið fáanleg til íbúðar fyrir einhverjar af hinum mörgu fjölskyldum eða einstaklingum, sem enga von hafa um húsnæði hjer í bænum.